

Ár 2010, mánudaginn 26. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landsnets hf.

I.

Fullskipað kjararáð kvað hinn 23. febrúar 2010 upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Með fyrrnefndum lögum var hlutafélagalögum nr. 2/1995 breytt þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og dótturfélaga þeirra. Í 1. gr. laganna segir að í vafatilvikum úrskurði fjármálaráðuneyti um hvort kjararáð eigi úrskurðarvald. Kjararáð óskaði eftir lista yfir dótturfélög með tölvupósti til fjármálaráðuneytisins 6. október 2009 og ítrekaði óskina með bréfi dagsettu 17. nóvember 2009. Listi yfir dótturfélög barst kjararáði með tölvubréfi 26. janúar 2010. Á listanum var Landsnet hf., dótturfélag Landsvirkjunar, og heyrir því undir kjararáð að ákveða laun forstjóra félagsins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör forstjóra Landsnets hf. og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í áðurnefndum úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði forstjóra og stjórn Landsnets hf. bréf 1. febrúar 2010 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör forstjórans, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf og starfsemi fyrirtækisins. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað 4. mars 2010 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Umbeðnar upplýsingar, ráðningarsamningur og launaseðill bárust frá starfsmannastjóra Landsnets hf. með bréfi sem dagsett var 15. febrúar 2010. Fram kom að samkvæmt raforkulögum nr. 75/2003 skyldi eitt fyrirtæki annast flutning raforku og kerfisstjórnun í landinu og skyldi það vera hlutafélag. Á grundvelli þessara laga hefði Landsnet hf. verið stofnað og hafið starfsemi í ársbyrjun 2005. Viðskiptavinir fyrirtækisins væru dreifiveitur, stórnotendur og virkjanir. Samkvæmt raforkulögum skyldi Landsnet hf. byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Fyrirtækið hefði eitt heimild til þess að reisa ný flutningsvirki. Orkustofnun hefði eftirlit með því að Landsnet hf. starfaði samkvæmt raforkulögum og uppfyllti þau skilyrði sem um starfsemina giltu og hefði samráð við Samkeppnisstofnun um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins. Orkustofnun setji fyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Landsnet hf. setji gjaldskrá í samræmi við tekjumörk. Velta Landsnets hf. hefði numið 13,3 milljörðum króna árið 2009 og heildareignir hefðu verið 73,7 milljarðar króna. Fastir starfsmenn hefðu verið 94 í árslok 2009.

Í ráðningarsamningi sagði að stjórn Landsvirkjunar hefði ráðið forstjóra Landsnets hf. frá og með 1. janúar 2005. Forstjóri skyldi framkvæma stefnu stjórnar Landsnets hf., hann ber

ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri, framkvæmdum og sjóðsvörslu og reikningshaldi. Hann ræður starfsmenn fyrirtækisins að undanskildum næstráðendum sem stjórnin ræður að fenginni tillögu forstjóra. Í samningnum var fjallað um laun, frídaga, orlof og rétt til launa í veikindum, ferðakostnað, tryggingar og fleira. Um greiðslur í lífeyrissjóð segir að þær séu samkvæmt gildandi reglum. Landsvirkjun leggur forstjóra til bifreið sem hann hefur til umráða vegna starfsins og eru honum heimil hófleg einkaafnot af henni án endurgjalds. Landsnet hf. leggur forstjóra til tölvu, fastlínusíma á heimili, farsíma og telefax til afnota honum að kostnaðarlausu. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er tólf mánuðir. Gerist forstjóri sekur um vanrækslu eða brot í starfi eða óhlýðnist hann lögum fyrirmælum stjórnar Landsvirkjunar varðar það áminningu eða fyrirvaralausri uppsögn ef sakir eru miklar.

Forstjóri og stjórn nýttu ekki rétt sinn til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við kjararáð.

Fjármálaráðuneyti svaraði með bréfi dagsettu 11. mars 2010. Í bréfinu sagði að eðlilegt væri að kjararáð horfði til þeirrar launastefnu sem fram kæmi í leiðarljósum ríkisstjórnarinnar í skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009 – 2013. Þar segir meðal annars að lækka skuli laun æðstu yfirmanna hjá ríkinu þannig að þau verði ekki hærri en laun forsætisráðherra.

Kjararáð gaf forstjóranum kost á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun með bréfi dagsettu 17. mars 2010. Bréf, dagsett 29. mars 2010, barst frá forstjóranum. Í því sagði meðal annars að Landsnet hf. hefði verið stofnað með lögum nr. 75/2004. Starfsemi Landsnets hf. hefði áður verið í höndum Landsvirkjunar. Landsnet bæri ábyrgð á kerfisstjórn íslenska raforkukerfisins og samhafði rekstur þess. Landsnet hf. bæri einnig ábyrgð á neyðarstjórnun raforkukerfisins og væri forstjórinn formaður neyðarstjórnar. Með lögum nr. 75/2004 væri félaginu tryggt sjálfstæði gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stundi vinnslu, dreifingu eða sölu á raforku. Þrátt fyrir að félagið væri skilgreint sem dótturfélag Landsvirkjunar væri það stjórnunarlega sjálfstætt, stjórnarmenn óháðir og fyrirtækið óháð Landsvirkjun í daglegum rekstri. Starfsemi væri umfangsmikil og tekjur um tólf milljarðar króna á ári, verðmæti eigna væri um 70 milljarðar króna, en tekjur Orkubús Vestfjarða ohf. og RARIK ohf. væru um tíu milljarðar króna samtals og samanlagt verðmæti eigna um 41 milljarðar króna. Fjárfestingar Landsnets hf. yrðu um 30 milljarðar króna á næstu árum og væri það sambærilegt við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar. Starfsmenn væru um 100 og kaup á þjónustu verktaka og sérfræðinga jafngilti um 100 ársverkum á hverju ári. Við stofnun félagsins hefðu starfsmenn færst frá flutningssviði Landsvirkjunar til Landsnets hf. Frá stofnun félagsins hefðu laun og starfskjör og launauppbygging öll verið hliðstæð því sem tíðkaðist hjá Landsvirkjun. Laun æðstu stjórnenda hefðu þó verið óbreytt frá 2007. Samkvæmt boðaðri ákvörðun kjararáðs yrðu laun forstjóra Landsnets hf. mun lakari en laun forstjóra Landsvirkjunar og yrðu þau í raun hliðstæð launum millistjórnenda hjá Landsneti hf. og Landsvirkjun. Væri slík tilhögun bagaleg og skekkti alla launauppbyggingu innan fyrirtækisins enda mundi nokkur fjöldi starfsmanna hafa hliðstæð laun eða hærri en forstjóri. Landsnet hf. keppti um starfsfólk við orkufyrirtæki, verkfræðistofur, stóriðju og fleiri fyrirtæki sem ekki féllu undir úrskurðarvald kjararáðs. Skoðun forstjóra væri að laun forstjóra Landsnets hf. og Landsvirkjunar ættu að vera hliðstæð. Starfsemi þessara fyrirtækja væri á margan hátt samvinnuð, launauppbygging og launasamanburður byggði á sama grunni auk þess sem þau kepptu um sama vinnuafli. Starfsemi fyrirtækjanna væri á margan hátt hliðstæð, bæði að því er varðar sérhæfingu og umfang, ekki síst ef litið væri til fyrirhugðarar stækkunar Landsnets hf. á næstu árum. Eðlilegt væri að hafa hliðsjón af launum forstjóra hliðstæðra fyrirtækja eins og Landsvirkjunar en fyrirbyggjandi áform kjararáðs virtust ganga út frá því að laun forstjóra taki mið af launum forstjóra hjá staðbundnum dreifiveitum með umtalsvert minni starfsemi eins og RARIK ohf. Fyrirtækið starfaði allan sólarhringinn allt árið og þyrfti forstjórinn að vera reiðubúinn til starfa hvenær sem væri og áform kjararáðs um greiðslu 50

eininga á mánuði til viðbótar mánaðarlaunum gengju allt of skammt og væri eðlilegra að miða við 100 einingar. Að lokum sagði forstjórinn að ákvörðun samkvæmt niðurstöðu kjararáðs gæti ekki tekið gildi frá 1. maí eins og boðað hefði verið vegna uppsagnarákvæða í ráðningarsamningi.

III.

Landsnet hf. var stofnað með lögum nr. 75/2004 sem tóku gildi 7. júní sama ár og tók til starfa í ársbyrjun 2005. Félagið skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun í samræmi við ákvæði III. kafla raforkulaga nr. 63/2003 Samkvæmt þeim lögum skyldi meðal annars skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Með lögum var skilið á milli náttúrulegra einkasöluþátta raforkukerfisins (flutnings og dreifingar) og þeirra þátta þar sem samkeppni yrði við komið (vinnslu og sölu). Flutningur og dreifing er sem fyrr háð einkaleyfi en samkeppni hefur verið innleidd í raforkuvinnslu og sölu. Í 8. gr. raforkulaga segir að eitt fyrirtæki skuli annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Fyrirtækið skal vera hlutafélag og ávallt í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til þess að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum eða samkvæmt öðrum lögum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku. Eigendur Landsnets hf. eru Landsvirkjun sem á tæp 65%, RARIK 22,5%, Orkuveita Reykjavíkur tæp 7% og Orkubú Vestfjarða 6%.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði um almennar forsendur nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem

Alþingi tók um lækun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna forstjóra Landsnets hf., þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars haft hliðsjón af mánaðarlaunum forstjóra Landsvirkjunar, forstjóra RARIK ohf. og orkumálastjóra, en þeir eru í launaflokkum 141, 138 og 134. Þá hefur kjararáð við ákvörðun einingafjölda gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Landsnets hf.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. maí 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Landsnets hf., vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 753.974 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjósi forstjóri Landsnets hf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili forstjóra skulu dragast frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við sé greiðsla í séreignasjóð sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins meiri en 2% af launum.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs eins og þær eru á hverjum tíma og eins og við á.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi forstjóra Landsnets hf.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson